

Náms- og rannsóknaráætlun fyrir doktorsnám

Viðhengi með umsókn um doktorsnám við Hugvísindasvið Háskóla Íslands

Upplýsingar um umsækjanda, leiðbeinanda og fyrirhugað verkefni

Nemandi	
Kennitala	
Leiðbeinandi	
Umsjónakennari*	
Deild	
Upphaf náms	
Heiti verkefnis	

**Aðeins ef leiðbeinandi er utan deildar.*

Háskóli Íslands býður ekki upp á formlega skráningu í hlutanám en umsækjendur eru beðnir um að merkja við fullt nám eða hlutanám hér að neðan og miða námsáætlun við hvort þeir ætla að vera í fullu námi eða hlutanámi. Þetta skiptir ekki máli fyrir skráningu nemanda í háskólanum en Hugvísindasvið tekur tillit til þess við mat umsókna og mat á framvindu.

	Fullt nám
	Hlutanám eða nám með starfi

Vinsamlega merkið við hvort doktorsritgerðin verður eitt heildstætt verk eða safn birtra greina.

	Heildstætt verk
	Safn greina

Vönduð náms- og rannsóknaráætlun er nauðsynlegur hluti góðrar umsóknar um doktorsnám. Umsækjandi skal vinna hana í samstarfi við fyrirhugaðan leiðbeinanda.

Náms- og rannsóknaráætlunin er í fjórum hlutum:

1. Í fyrsta hluta er rannsóknaráætlun upp á 5 blaðsíður að hámarki (vinsamlegast notið þar til gert eyðublað). Þar skal gera grein fyrir markmiðum fyrirhugaðrar doktorsrannsóknar og rannsóknarspurningum, stöðu þekkingar á sviði rannsóknarinnar og að lokum faglegum forsendum nemandans til að vinna verkefnið (heimildaskrá er ekki inni í þessum hluta).
2. Í öðrum hluta skal gera grein fyrir áætlun um skipulag náms (1-2 blaðsíður).
3. Í þriðja hluta skal gera grein fyrir hvernig umsækjandi hyggst fjármagna nám sitt, sjálfur; með lánum eða styrkjum. Ef með styrkjum skal umsækjandi tilgreina til hvaða sjóða verður leitað.
4. Heimildaskrá (hámark 5 bls.).

Mikilvægt er að skrifa umsókn af nákvæmni og á skýru máli. Umsóknin þarf að vera raunsæ en á sama tíma sýna mikinn metnað, þekkingu og áhuga umsækjenda á viðfangsefninu. Sjá nánar í reglum um doktorsnám við Hugvísindasvið HÍ: [hugvis.hi.is/um doktorsnam a hugvisindasvidi](http://hugvis.hi.is/um_doktorsnam_a_hugvisindasvidi)

1. RANNSÓKNARÁÆTLUN (hámark 5 blaðsíður)

Takið skáletraða textann út og setjið viðeigandi lýsingu og rökstuðning í staðinn.

1.1 Verkefnið í hnotskurn

Stutt lýsing á fyrirhuguðu verkefni (hámark 250 orð).

1.2 Markmið rannsóknarverkefnis og rannsóknarspurningar

Lýsið helstu markmiðum fyrirhugaðrar rannsóknar og rannsóknarspurningum sem hún byggir á. Hér skal koma fram hvert helsta nýnæmi verkefnisins er (eða hver þau eru) og hvaða áhrif það getur haft innan fræðanna eða á samfélagið í víðari skilningi. Eins skal gera grein fyrir fræðilegri nálgun og aðferðafræði ásamt þeim efniviði eða gögnum sem doktorsnemi ætlar að vinna með.

1.3 Staða þekkingar

Gerid grein fyrir stöðu þekkingar á sviði doktorsverkefnisins í íslensku samhengi og alþjóðlega. Hvaða rannsóknir hafa þegar verið gerðar og hverjar hafa niðurstöðurnar verið? Hefur umsækjandi lagt stund á rannsóknir á sviðinu? Þessi lýsing þarf að tengjast kafla 1.2 þannig að hægt verði að leggja mat á mögulegt nýnæmi doktorsverkefnis.

1.4 Faglegar forsendur nemanda

Stutt greinargerð um menntun og reynslu umsækjanda með tilliti til fyrirhugaðs verkefnis. Ef við á er æskilegt að fá mat umsækjanda á hvort og hvað viðkomandi gæti þurft að bæta til að geta tekist á við rannsóknina með fullnægjandi hætti (t.d. þegar kemur að tungumálakunnáttu, þekkingu á nauðsynlegri aðferðafræði eða almennri þekkingu á sviði rannsóknarinnar). Ef við á skal gera grein fyrir aðgangi að rannsóknargögnum og nauðsynlegri aðstöðu og tækjum.

2. NÁMSÁÆTLUN (hámark 2 blaðsíður)

Áætlun um vinnu í doktorsnámi sem skal miða við 3 ár í fullu 180 eininga námi og 4 ár í fullu 240 eininga námi (ath. að í Íslensku- og menningardeild eru 60 einingar í viðbót við 180 eininga ritgerð. Ekki er nauðsynlegt að gera nákvæma grein fyrir innihaldi þessara eininga í námsáætlun sem send er með umsókn en nauðsynlegt er að gera ráð fyrir eins árs vinnu við að afla þessara eininga.) Ef nemandi ætlar að dvelja erlendis hluta af námstímanum, t.d. ef námið er í samstarfi við annan háskóla, skal gera grein fyrir því í áætlun.

Hér gæti verið kostur að byggja áætlun á fyrirhugaðri kaflaskiptingu ritgerðar. Ath. að það verður mögulegt að þróa og breyta áætlunum þegar líður á doktorsnámið.

3. FJÁRMÖGNUNARÁÆTLUN (hámark 1 bls.)

Hér skal umsækjandi gera grein fyrir hvernig fjármögnun námsins mun fara fram, hvort það verður fjármagnað með eigin tekjum, láni eða styrkjum. Ef með styrkjum skal

umsækjandi tilgreina til hvaða sjóða verður leitað. Vekja skal athygli á því að ekki geta allir doktorsnemar á Hugvísindasviði gert ráð fyrir að fá styrk fyrir verkefni sín og þurfa þeir því að gera ráð fyrir að fjármagna sjálfir að hluta til eða að fullu nám sitt.

4. HEIMILDASKRÁ (hámark 5 bls.)

Listi yfir helstu heimildir sem getið er í „1.3 Stöðu þekkingar“.